



Steinsteypt plan sé yfir geynum sem er ætlað til afgreiðslu og áfyllingar eldsneytis. Planið sé 20cm þykkt og skal steypa í plani vera C30-S350, sementsmagn skal vera 400kg/m³, loftinnihald 6-8%, V/S < 0,45 og Dmax 32mm. Steypu skal leggja niður, víbra, glatta og strjúka yfir yfirborð með fínum kústi svo yfirborð verði ekki glatt. Eftir niðurlögn skal bleyta steypu og verja hana með plastyfimbreyðslu. Járnþrending í plani skal vera K10 C/C 200 í efri og neðri brún þvert á planið en K10 C/C 300 í lang átt plans. Lykkjur komi í enda plans 400-130-400 í þverátt en 400-110-400 í langátt. Hula járna sé 35mm. Planið skal hvíla á þjappaðri frostfríri fyllingu og skal vanda sérstaklega til þjóppunar fyllingarefnis niður með og umhverfis geyma með 200kg titurplötu í 30cm lögum og 4 yfirferðir á hvert lag. Planið skal skálast að niðurföllum sem séu 15cm neðar en útbrún plans og yfirborð plans við dælu.

Geymar eru úr stáli 4mm og hafa tvöfalt birgði. Ytra birgði geymis er ætlað sem lekavörn um eiginlegan eldsneytisgeymi. Geymir er innfluttur og byggður í samræmi við staðal EN12285. Ytra yfirborð geymis er tæringarvarið með polyurethane með lágmarks þykkt 0.8mm. Holrúm milli geymis er fyllt með monopropyl glicol blöndu ætlaðri til eftirlits með leka úr eldsneytisgeymi.

Geymarnir hafi hæðarstíðan aðvörunarbúnað svo ekki komi til yfirfyllingar. Útloftun geyma tengist þrystistýrum inn og útloftunarbúnaði sem staðsettur er við enda dæluplans 3,5m yfir áfyllingarplani. Útloftun bensíngeymis er tekin til baka í tankbíl við áfyllingu. Pallur undir dælu sem leggst á mannop geymis hafi tengingu að frárennsliskerfi sem tengist olíuskilju.

Fylling að geymi skal vera sandur eða finkornuð grús úr óbrotnu efni t.d. steypuperla með kornastærð 3-12mm.

Árekstravörn dælu er gerð úr völsuðu 4" röri sem festist niður í steyptplan. Allur búnaður og frágangur hans skal uppfylla reglur um brunavarnir á bensínstöðum frá okt 1993.

*Teining skotost
og lauefð um
m.t.t. mengunar-
vrams
21.3.05*

HEILBRIGDISEFTIRLIT
NORDURLANDSEYTRA
Alfred Schiøth
heilbrigdisfulltrúi

HEITI VERKS:				HEITI TEKNINGAR:			
Olufélagi? ehf ESSO Suðurlandsbraut 18 108 Reykjavík S: 5603300				Grunnmynd / Snið tankur			
HANNAD:	GTS, GP	TEKNAR:	GP	MELT:	YFIRFARI:	SAMÐYKKT:	DAGS:
						<i>[Signature]</i>	18.03.05
MÄLIKV:	1:50	VERKNÖMER:	TEKN.NR.:	1:02			